

Ed.

216. Frumvarp til laga

[136. mál]

um breytingu á lögum nr. 67 20. apdíl 1971 um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Aftan við 40. grein komi ný 41. gr., svo hljóðandi:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur og 45. gr. nær ekki til, eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálpi og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

2. gr.

3. mgr. 46. gr., hefjist svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, annarra en ríkisspítalanna, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. grein tekur til, ásamt gjaldskráum sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.

3. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 1. mgr. 49. gr. hljóði svo:

Af kostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir 15%. Framlagi sveitarsjóða skal Tryggingastofnun ríkisins jafna niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Ný 4. mgr. 49. greinar hljóði svo:

Þegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir, skal Tryggingastofnun ríkisins kanna hlutfallslegan kostnað hvers sjúkrasamlags af sjúkrahúsvist og gera tillögur um, hvernig jafna megi þann kostnað milli einstakra sjúkrasamlaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á árinu 1977 skal álagningaraðili útsvara leggja á, en innheimtumenn ríkissjóðs innheimta, 1% álag á gjaldstofn útsvara. Skal ríkissjóði staðið skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu mánaðarlega. Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar.
2. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1. tl. til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Heildarkostnaður við sjúkratryggingar á árinu 1977 er áætlaður að óbreyttum reglum 14 818 m.kr. á verðlagi fjárlagafrumvarps. Samkvæmt gildandi reglum ber sveitarfélögum að greiða 10% af tilteknum kostnaðarliðum sjúkratrygginganna, en nokkra kostnaðarliði ber ríkið að fullu. Að meðaltali hefur hlutur sveitarfélaganna miðað við heildarkostnaðinn verið mjög stöðugur á síðari árum, eða 7, 4%. Yrði kostnaðarhluti þeirra á árinu 1977 1 097 m.kr. skv. frumvarpsdrögum, en þar er að auki reiknað með því, að 1 200 m.kr. af útgjöldum sjúkratrygginga verði borinn af „sjúkragjaldi“ (1% af útsvarsstofni með vissum undanþágum) eða með öðrum hætti í þess stað. Gjaldtaka þessi og raunar fjárhagslegt skipulag sjúkratrygginga hefur sætt gagnrýni af hálfu sveitarfélaga vegna skorts á samræmi stjórnunaraðildar og fjárhagslegrar ábyrgðar.
2. Þessa gagnrýni má að ýmsu leyti telja eðlilega, og væri til mikilla bóta að auka slíkt samræmi. Í þessum tilgangi er sett fram sú hugmynd, að ríkið beri allan kostnað af þeim stofnunum, sem stjórnað er af ríkisaðilum, og er hér um að ræða ríkisspítalana. Þessar stofnanir myndu færast í A-hluta fjárlaganna og yrðu kostaðar af beinum fjárveitingum. Féllu þær þannig út úr daggjaldakerfinu. Annar kostnaður sjúkratrygginganna yrði borinn sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, en að sjálfsögðu breyttist þáttökuhlutfall hvors aðila í því, sem þá væri eftir. Hlutföllin yrðu 85% fyrir ríkissjóð og 15% fyrir sveitarfélög. Er hér eingöngu um skipulagsbreytingu að ræða, sem miðar að meiri samræmingu stjórnunarhlutdeildar og fjárhagslegrar ábyrgðar.
3. Aðstaða landsmanna til að njóta ókeypis þjónustu á ríkissjúkrahúsum er afar misjöfn. Rétt þykir að kannað verði nánar, hve mikið þessi aðstöðumunur vegur í kostnaði sjúkrasamlaganna af sjúkrahúsvist, og að gerðar verði tillögur, sem stefna að jöfnuði, komi það í ljós, að um verulega hagsmuni sé þarna að tefla.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er talið að innheimta á árinu 1977 gjald hliðstætt sjúkratryggingagjaldi því, sem innheimt var 1976 skv. ákvæðum 3. gr. laga 95 31. desember 1975.

Lagt er til að eftirgreindar breytingar verði lögfestar á álagningu og innheimtu gjaldsins frá því, sem var 1976:

1. Álagning gjaldsins fylgi sömu reglum og álagning útsvars, þannig að aðrir greiði ekki þetta gjald en þeir, sem útsvar greiða. Af þessu leiddi m. a. það, að afsláttur eða niðurfelling á álögðu útsvari hefur í för með sér tilsvarandi afslátt eða niðurfellingu á sjúkratryggingagjaldinu.
2. Innheimtumenn ríkissjóðs hafi innheimtuna með höndum í stað álagningaraðila útsvara.